

## GJALDSKRÁ

### fyrir byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld í Árneshreppi.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

- 1.1. Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.
- 1.2. Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

#### 2. gr.

##### *Byggingarleyfisgjald.*

- 2.1. Fyrir byggingarleyfi skv. 43. gr., sbr. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga, skal greiða gjöld sem hér segir:
 

Afgreiðslugjald við móttöku byggingarleyfisumsóknar	6.400 kr.
Auk þess greiðist gjald fyrir hvern rúmmetra í nýbyggingu eða viðbyggingu:	
Óeinangraðar geymslur, skemmur, hlöður og haughús	45 kr./m <sup>3</sup>
Aðrar byggingar, þ.m.t. íbúðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frístundahús, gripahús, bílskúrar, bílskýli, bátaskýli, veitinga- og gistihús	64 kr./m <sup>3</sup>
- 2.2. Rúmmetragjald skv. gr. 2.1. reiknast af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST50 án svala og C rýma.

#### 3. gr.

##### *Þjónustugjöld.*

- 3.1. Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir, sbr. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga:
 

Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar	6.400 kr.
Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla	25.500 kr.
Lokaúttekt	35.700 kr.
Úttekt vegna meistaraskipta	25.500 kr.
Úttekt vegna byggingarstjóranskipta	25.500 kr.
Úttekt vegna rekstrarleyfis	25.500 kr.
Úttekt á fóðursilói	12.500 kr.
Húsaleiguúttektir á íbúðarhúsnæði	25.500 kr.
Húsaleiguúttektir á atvinnuhúsnæði	35.700 kr.
Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft	6.400 kr.
Mæling lóðar	39.300 kr.
Mæling fyrir húsi á lóð	24.460 kr.
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi	12.900 kr.
Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fnr. > 5	3.300 kr.
Tímabundin stöðuleyfi	12.500 kr.
Fyrir hverja auka útsetningu lóðar/húss; pr. mælingu	24.460 kr.
Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar, óendurkræft	20.000 kr.
Grenndarkynning, minniháttar	10.300 kr.
Grenndarkynning, umfangsmikil	44.700 kr.
Breyting á lóðarleigusamningi	27.500 kr.
Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	15.600 kr.
- 3.2. Skipulags- og byggingarfulltrúi áætlar fjölda áfangaúttekta við útgáfu byggingarleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu byggingarleyfis.

- 3.2. Fyrir yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis greiðast kr. 6.400 til 64.000 eftir umfangi. Gjaldið greiðist við afhendingu gagna.
- 3.4. Fyrir breytingar á samþykktu deiliskipulagi ber viðkomandi hagsmunaaðili allan kostnað af breytingunum.

## 4. gr.

*Framkvæmdaleyfisgjald.*

- 4.1. Fyrir framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. sbr. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:

Afgreiðslugjald við móttöku framkvæmdaleyfisumsóknar	6.400 kr.
Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar	6.400 kr.
Lágmarksgjald framkvæmdaleyfis	11.200 kr.
- 4.2. Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangauúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.
- 4.3. Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.
- 4.4. Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins hluti af kostnaði þess við útgáfu leyfis.

## 5. gr.

*Gjalddagi, lögveð.*

- 5.1. Gjalddagi afgreiðslugjalda er við móttöku umsókna.
- 5.2. Gjalddagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.
- 5.3. Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.
- 5.4. Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.
- 5.5. Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

## 6. gr.

*Verðlagsbreytingar.*

- 6.1. Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í desember 2009 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í desember er 500,7 stig.
- 6.2. Rúmmetragjald byggingarleyfis skal vera 0,7% af afgreiðslugjaldi vegna óeinangraðra geymslna, skemma, hlaða og gripahúsa, en 1% af afgreiðslugjaldi vegna annarra bygginga og skal námundað í heila krónu. Önnur gjöld skulu námundað í næsta heila hundrað.

## 7. gr.

*Gildistaka o.fl.*

- 7.1. Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Árneshrepps í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 441/1998 með síðari breytingum, tekur gildi við birtingu.
- 7.2. Með samþykkt gjaldskrár þessarar fellur úr gildi eldri gjaldskrá byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjalda Árneshrepps.

*Árneshreppi, 14. desember 2010.*

**Oddný S. Þórðardóttir** oddviti.